



Framvinduskýrsla 2

23.4.2013

Skýrsla skrifuð af Steingerði Hreinsdóttir –fyrir tímabilið feb- apríl 2013

Rannveig Ólafsdóttir hóf vinnu hjá jarðvanginum 1. febrúar 2013. Hennar aðal starf hefur verið að taka saman og skrifa fræðandi texta um staðina á svæðinu sem valdir voru sem áhugaverðir staðir eða geosites, sérstaklega fyrir nýju síðuna okkar www.katlageopark.is en líka fyrir skilti sem sett verða upp með vorinu eða og verið er að setja upp núna.

Febrúar: Heimasíðan – mikill tími fór í gerð heimasíðunnar og myndbandsins sem núna er komið í loftið á youtube og á heimasíðuna okkar. Unnið hefur verið að sameiginlegri hönnun á göngukortum og skiltum sem setja á upp í jarðvanginum. Búið er að þýða mikið af þeim textum sem skrifaðir hafa verið og er heimasíðan í dag á ensku og íslensku, skiltin líka en texti sem gefin verður út í ritum um jarðvanginn verður líka á tveimur öðrum tungumálum.

Gerði skýrslu fyrir nmí fyrir 1.5 mkr. fyrir myndbandið.

Unnið hefur verið af kappi að því að undirbúa sameiginlega með sveitarfélögum og hagsmunaaðilum að kostnaðargreina og setja upp skipulag á því í hvaða framkvæmdir þarf að ráðast næst. Búið er að velja 15 staði sem farið verður í uppbyggingu á fyrir sumarið og nú þegar er nýjasti áningarstaðurinn í jarðvanginum, Hjörleifshöfði, kominn langt á leið. Samvinnan við landeiganda, Vegagerðina, sveitastjórn og Kötlusetur hefur verið til fyrirmyndar í þessu tilfelli.

Í IPA styrknum er gert ráð fyrir kortagerð – m.a. þremur ítarlegum göngukortum (eftir sveitafélagamörkum) og svo kortum fyrir 25 staði sem unnið verður að uppbyggingu við.

Ákveðið var að fara í samvinnu við Kötlusetur um gerð korta – vegna þess að þar var reynsla fyrir í kortagerð. Eiríkur hefur leitt vinnuna með Kirkjubæjarstofu og ferðamálafulltrúa Rangárbings Eystra og er sú vinna á lokastigum fyrir þrjú kort í nágrenni byggðakjarnanna þriggja. Fjórdá göngukortið verður gert í haust með leiðum um hálendið en þá vinnu á eftir að skilgreina frekar og gps trakka leiðir sem gert verður í sumar.

Skiltin fyrir Hjörleifshöfða eru að verða tilbúin og verið er að hlaða skjólvegg fyrir nestisaðstöðu. Vegagerðin er búin að gera bílastæði og slétti svæðið fyrir nestisaðstöðuna. Við erum þ.a.l alveg á tíma með opnunina á fyrstu Geosite ársins.

Mars:

Í annarri viku í mars var haldið námskeið námskeið fyrir hagsmunaaðila í jarðvanginum um smáframleiðslu matvæla.

Smáframléiðsla matvæla í Kötlu Jarðvangi



Frá 06.03.2013 13:16 , til 14.03.2013 16:00

Staður: Fræðslunetið Hvolsvelli

Námskeiðsflokkur: Matreiðsla og heilsa , Ýmis námskeið

Markmið: Að kynna fyrir þátttakendum möguleika í smáframléiðslu matvæla, leiðir til að auka verðmæti þeirra, kynningu á stuðningskerfinu og veita þeim sem vinna við framléiðslu eða nýtingu staðbundinna afurða, eða hafa hugmyndir til að hrinda í framkvæmd aðgang að sérfræðingum til að þróa sínar vörur og þjónustu nánar. Námskeiðið er liður í því að styrkja matvælaframléiðslu og matartengda ferðaþjónustu á svæðinu.

Námskeiðið er opið öllum á Kötlu Jarðvangs svæðinu sem áhuga hafa á staðbundinni matvælaframléiðslu.

Kennt verður tvisvar á Hvolsvelli, einu sinni í Vík og á Klaustri og alltaf fjarkennt á hina tvo staðina. Þátttakendum gefst því kostur á að vera hvort heldur sem er í staðkennslu eða fjarkennslu. Á meðan á námskeiðinu stendur býðst þátttakendum kostur á að vinna með sérfræðingum að hugmyndum sínum og boðið verður uppá sérhæfða ráðgjöf og endurgjöf um vöruna sjálfa, umbúðirnar eða markaðsmál, fjármögnun og styrktarmöguleika.

Meðal efnis verður: Matartengd ferðaþjónusta, vöruhönnun, matarmenning, verðmætaaukning staðbundinna matvæla, markaðsmál o.fl.

- **Tími:** Miðvikudagar og fimmtudagar 6., 7., 13. og 14. mars kl. 13-16
- **Staður:** Fræðslunetið Hvolsvelli, Víkurskóli og Kirkjubæjarskóli, fjarkennsla
- **Verð:** 3.000, námskeiðið er niðurgreitt af IPA styrk Evrópusambandsins



Námskeiðið er haldið af Kötlu Jarðvangi í samvinnu við Fræðslunetið. Nánari upplýsingar veitir Steingerður Hreinsdóttir hjá Kötlu Jarðvangi steingerdur@katlageopark.is

Skrá mig á þetta námskeið

Það voru íslenskir örðugleikar í byrjum þar sem fresta þurfti námskeiðinu um viku vegna veðrus og í staðin fyrir auglýstan tíma var námskeiðið kennt á þremur þjöppuðum dögum. Þrátt fyrir þessa byrjunarörðuleika var námskeiðið vel sótt – 26 manns voru staddir á Hvolsvelli, 8 í Vík og 5 á Klaustri. Við fengum sérfræðinga frá Mátis, AþS, Markaðsstofunni og Markaðsráðgjöf og Samstarf ásamt reynslusögum.

Almenn ánægja virtist ríkja um námskeiðið en vissulega var tæknin eitthvað að stríða og hljómurinn ekki eins góður á öllum fyrirlestrunum. Í kjölfarið hefur aukist heilmikið notkun á merkinu okkar og áhugasamir hafa haft samband með sínar hugmyndir.

SS hefur samþykkt að vera með tilbúna vörur – m.a þurrkað kjöt og annað sem verður sérmerkt jarðvanginum.

EGN fundurinn var haldinn í mars í París. Þangað fórum við Sigurður eins og lög gera ráð fyrir. Mestur tíminn fór í það að ræða málefni EGN sem partur af eða stjórnað af UNESCO, hvort það sé fýsilegur kostur og hver gæti verið hugsanlegur kostnaðarauki og eða ávinningur fyrir samtökin að fara í eina sæng.

Jarðvangarnir voru hvattir til að vera með kynningu á vörum úr héraði fyrir UNESCO og gerðum við það með glans. Ég fékk South Coast adventure drengina til að fara fyrir mig uppá Eyjafjallajökul og ná í góðan jaka sem ég tók með í kæliboxi og í fríhöfninni keypti ég tvær flöskur af Kötlu vodka og bauð upp á það með eyjafjallaklaka ☺ þetta fór vel í embættismennina.

SS sponsoraði okkur líka með tvíreykt hangikjöt og aðrar vörur úr héraði sem fóru vel með veigunum.

Vildmarksmessan

Katla Geopark bauðst að fara fyrir hönd Markaðsstofu Suðurlands og vera með Icelandair á útivistarsýningunni Vildmarksmessan í Stokkhólmi. Ég ákvað að nýta það tækifæri og bjóða öllum þeim sem bjóða upp á ævintýraferðir í jarðvanginum uppá kynningu þar. Það voru 10 fyrirtæki sem þekktust boðið og kynningin tókst ágætlega. Hinsvegar sá ég að til þess að svona sýningar beri raunverulegan árangur er mikilvægt að vera með pakkaferðir og söluleyfi.

Apríl:

Geoparkvika

Hin árlega jarðvangsvika er núna. Mikill undirbúningur fylgir slíkri viku en árangurinn ætlar að verða eftir því. mikið er um dýrðir og eldklerkurinn séra Jón Steingrímsson fær nokkuð góða athygli vegna þess að í júní eru 230 ár frá upphafi Skaftárelda.

Eins og venjan er voru ferðapjónustuaðilar, skólar og allir íbúar jarðvangsins hvattir til að láta til sín taka í þessari viku og bjóða upp á eitthvað sem tengist svæðinu og gæti trekkt að. Það er sýnileg aukning á framboði í vikunni frá því sem var á síðasta ári þannig að greinilegt er að fólk er farið að átta sig á möguleikunum sem fylgja jarðvangsvikunni.

Jarðvangurinn stendur fyrir 4 atriðum sem öll eiga að standa undir sér en að auki var sótt til Menningarráðs Suðurlands fyrir fræðsluerindum um Jón Steingrímsson. Þá ætla sjálfboðaliðarnir okkar frá Baskalandi að bjóða uppá kennslu í menningu og tungumáli þar og á Spáni.

Elma Balic – eftirlitsaðillinn okkar frá Bosnía Hersigóvínu kom í sína aðra ferð til þess að vera með eftirlit með gangi mála í IPA verkefninu. Við helguðum heimsóknina því hvernig það gengur fyrir sig að skipuleggja og fá leyfi til þess að vinna verkefni af þessari stærðargráðu. Við hittum byggingarfulltrúa í Vík og á Hvolsvelli og fulltrúa VPJ á Klaustri. Svo var farið yfir alla pappíra – m.a skýrsluna sem unnin var fyrir Evrópusambandið og var skilað í upphafi apríl en líka allt efnið sem var kennt á námskeiðinu, áningarstaðirnir skoðaðir og farið yfir skiltagerðina ofl.

Sjálfboðaliðiinn Óskar hefur unnið góða vinnu við að koma á svokölluðu geocatch appi í jarðvanginum – en síðan hann kom til starfa hefur hann þýtt mikið af okkar efni yfir á spænsku – sem kemur sér mjög vel fyrir okkur.

Margir fundir hafa verið haldnir með landeigendum og hagsmunaaðilum svæða sem hafa verið valin sem Geosites og eru á áætlun fyrir uppbyggingu.

Búið er að leysa salernismál í Rangárþingi Eystra og í Mýrdalshreppi en þar verður annarsveggar aðstaðan við Seljarlandsfoss bætt og aðgengið aukið og í Mýrdalshreppnum verður gerður samningur við landeigendur í Reynisfjöru. Ennþá á eftir að leysa málin vegna salernisaðstöðu við Fjaðrárgljúfur.

Katla Gepark og Vatnajökulsþjóðgarður eru með samstarfssamning og á tímabilinu höfum við hist tvisvar sinnum til að ráða ráðum okkar og höfum áhuga á að vinna saman að uppbyggingu á þeim svæðum sem eru á sameiginlegu svæði.

Fólk á vegum BBC kom til landsins í þeim erindagjörðum að kynna sér Kötlu Jarðvang með það í huga að gera kennslumyndband fyrir unga Breta um það hvernig hægt er að snúa erfiðleikum sér í hag 😊